

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, Drangsskarð 11 og 15 og Hádegisskarð 12 og 16.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 11. júlí 2017 óverulega breytingu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, á deiliskipulaginu Skarðshlíð 2. áfangi fyrir lóðirnar við Drangsskarð 11 og 15 og lóðirnar við Hádegisskarð 12 og 16. Breyting þessi fellur undir markmið laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir. Fallið var frá grenndarkynningu þar sem aðeins Hafnarfjarðarkaupstaður á hagsmuna að gæta, sbr. heimild í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 13. júlí 2017.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 15. ágúst 2017.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 29. ágúst 2017